

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir C-áfanga Krossaneshaga.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 23. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi C-áfanga Krossaneshaga.

Breytingin tekur til lóðanna Týsness 6, 20 og 22 og felur í sér að skilgreindar eru tvær lóðir fyrir dreifistöðvar rafveitu innan lóða nr. 6 og 22. Samhliða breytast stærðir fyrirbyggjandi lóða lítillega. Þá eru jafnframt skilgreindar aðkomuleiðir að dreifistöðvum ásamt því að kvöð um lagnaleið meðfram lóðamörkum lóðar nr. 20 er felld niður.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 11. maí 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 12. maí 2022